

Stjórn Kirkjubæjarstofu, þekkingarseturs

Miðvikudaginn 1. nóvember 2023, kom stjórn Kirkjubæjarstofu, þekkingarseturs, saman til fundar. Fór fundurinn fram á Klausturvegi 4, Kirkubæjarklaustri og í gegnum Teams fjarfundabúnað og hófst klukkan 20.00.

Mætt voru:

Auður Guðbjörnsdóttir, formaður, Kristín Lárusdóttir, Einar Kristján Jónsson, Soffía Auður Birgisdóttir og Unnur Einarsdóttir Blandon, sem varamaður Bergs Sigfússonar, sem boðaði forföll. Jafnframt sat Vera Roth, verkefnastjóri fundinn.

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Vera Roth, verkefnastjóri, kynnir verkefni sín:
3. Ársreikningur ársins 2022, lagður fram:
4. Umræður um framtíð og stöðu Kirkjubæjarstofu:
5. Umsóknir um stöðu verkefnastjóra og atvinnuráðgjafa:
6. Önnur mál:

1. Fundarsetning:

- a. Auður Guðbjörnsdóttir, bauð fundarmenn velkomna á fund, setti fundinn og stjórnaði honum.

2. Vera Roth, verkefnastjóri, kynnir verkefni sín:

- a. Vera Roth, greindi frá störfum sínum, meðal annars frá örnafnaskráningu og snjallvæðingu forna ferðaleiða.

3. Ársreikningur ársins 2022, lagður fram:

- a. Einar Kristján Jónsson, gerði grein fyrir ársreikningum ársins 2022.
 - i. Tekjur ársins voru 26.511.775 kr.
 - ii. Gjöld ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 38.266.902 kr.
 - iii. Rekstrarniðurstaða fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 11.755.127 kr.
 - iv. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 254.824 kr.
 - v. Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 12.009.951 kr.
- b. Stjórnin samþykkir ársreikning ársins 2022, samhljóða.



4. Umræður um framtíð og stöðu Kirkjubæjarstofu:

- a. Auður Guðbjörnsdóttir, greindi frá hugmyndum sínum um framtíðar hlutverk Kirkjubæjarstofu.
- b. Einar Kristján, greindi frá slæmri fjárhagsstöðu stofunnar.

5. Umsóknir um stöðu verkefnastjóra og atvinnuráðgjafa:

- a. Auður Guðbjörnsdóttir, greindi frá því að nokkrar umsóknir hefðu boris í auglýst starf vegna atvinnuráðgjafa og verkefnastjóra. Auglýst var frá 14. september síðast liðnum. Umsóknarfrestur var til 29. september síðast liðinn.
- b. Auður greindi jafnframt frá því að hún og Einar Kristján hefðu tekið tvo umsækendur í viðtal.
- c. Stjórn samþykkir samhljóða að fela Auði Guðbjörnsdóttur að ganga frá ráðningu atvinnuráðgjafa og verkefnastjóra, eins og fram kom á fundinum.

6. Önnur mál:

- a. Auður Guðbjörnsdóttir, greindi frá því að hún hefði sent Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra erindi um Kirkjubæjarstofu og óskað eftir fjárstuðningi.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og undirrituð síðar fundi slítið klukkan 22:39.

Auður Guðbjörnsdóttir

Kristín Lárusdóttir

Unnur Einarsdóttir Blandon

Einar Kristján Jónsson

Soffía Auður Birgisdóttir